



VESTURBYGGÐ

## Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Alþingi nefndarsvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 26. október 2018  
1810032 RH

Efni: Umsögn um tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 12. október 2018 þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033, 173. mál.

### **Bókun bæjarstjórnar Vesturbyggðar 24. október 2018.**

Bæjarstjórn Vesturbyggðar leggur áherslu á að framkvæmdum í samgöngumálum í sveitarfélaginu verði hraðað og þeim verði tryggt nægjanlegt fjármagn. Íbúar svæðisins hafa beðið í tugi ára eftir mikilvægum samgöngubótum og þolímæði þeirra og rekstraradila er því löngu þrotin. Skorar bæjarstjórn Vesturbyggðar á Alþingi að í samgönguáætlun verði tryggðar mannsæmandi samgöngur á svæðinu. Með aukinni atvinnuuppbyggingu og fjölgun íbúa er nauðsynlegt að tryggja viðunandi samgöngur til og frá svæðinu sem og innan þess. Bæjarstjórn Vesturbyggðar leggur ríka áherslu á að fjármögnun vegna framkvæmda við Vestfjarðaveg um Gufudalssveit verði tryggð og krefst þess að vegalagning hefjist strax. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við það að framkvæmdum við Vestfjarðaveg um Dynjandisheiði og Bildudalsveg verði frestað. Bæjarstjórn Vesturbyggðar felur bæjarstjóra að ganga frá umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

### **Meginmarkmið**

Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar þeim metnaðarfullu meginmarkmiðum sem mælt er fyrir um í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Þar er að finna markmið eins og að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar, auk þess að stuðla að bættum búsetugæðum. Leitast skuli við að ná fram samræmdri forgangsroðun, skipulagi og stefnumótun samgöngugreina, fyrirtækja og stofnana og stuðlað að hagkvæmri notkun fjármagns.

Í tillögu að samgönguáætlun segir einnig „Síðustu áratugi hefur framkvæmdum við vegakerfið verið forgangsraðað í samræmi við þau markmið að bæta vegsamgöngur með bundnu slitlagi til allra þéttbýliskjarna með fleiri en hundrað íbúa, breikka og endurbyggja brýr og auka flutningsgetu. Með auknum ferðamannastraumi hefur mikilvægi framkvæmda við fjölfarnar ferðamannaleiðir og vinsæla ferðamannastaði aukist í samræmi við þjóðhagslegt mikilvægi ferðapjónustu.“ Óhætt má segja að Vestfirðingar hafi ekki notið þeirrar forgangsroðunar sem þarna er list. Bæjarstjórn Vesturbyggðar krefst þess því að við forgangsroðun verkefna



VESTURBYGGÐ

## Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

samkvæmt tillögu að samgönguáætlun verði sannarlega forgangsraðað út frá meginmarkmiðum þannig að samgöngur verði greiðar, öruggar og stuðli að bættum búsetugæðum. Í áratugi hafa Vestfirðingar ekki staðið jafnfætis öðrum þjóðfélagsþegnum þegar kemur að samgöngum og er þess krafist að litið verði sérstaklega til þess við forgangsroðun verkefna næstu árin.

Fullyrða má að samgöngur á Vestfjörðum hafi á síðustu árum með engu bætt búsetugæði og frekar dregið úr þeim. Þrátt fyrir þessa gríðarlegu mismunun sem íbúar og rekstraradilar á Vestfjörðum búa við í samgöngumálum þá eru lagðir sömu skattar og álögur á íbúa og rekstaradila eins og aðra þjóðfélagsþegna án bættra samgangna í staðin. Bæjarstjórn Vesturbyggðar bindur vonir við að hið metnaðafulla markmið verði ekki aðeins falleg setning á blaði heldur að sannarlega verði forgangsraðað í samræmi við meginmarkmið samgönguáætlunar. Mismunun sú sem viðhöfð hefur verið á síðustu áratugum er með öllu óásættanleg og mikilvægt að með staðfestingu þingsályktunar um samgönguáætlun verði unnið að því að jafna stöðu íbúa, rekstraradila og ferðamanna til eðlilegra samgangna á Vestfjörðum. Hvetur bæjarstjórn Vesturbyggðar umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis því til að líta sérstaklega til þess þegar fjallað verður um forgangsroðun framkvæmda skv. samgönguáætlun.

### Greiðar samgöngur

Það vekur furðu að í tillögu að samgönguáætlun til 2033 sé ekki aukin áhersla á jarðgangnagerð í stað viðhalds og uppbyggingu fjallvega sem kalla á aukna vetrarþjónustu með tilheyrandi kostnaði og minna umferðaröryggi. Sé horft til framtíðar með áherslu á það meginmarkmið skv. tillögu að samgönguáætlun að tryggja greiðar samgöngur og umferðaröryggi vegfarenda, verður ekki annað séð en það verði best gert með láglendisvegum og lagningu jarðgangna. Bæjarstjórn Vesturbyggðar hvetur umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til þess að horfa sérstaklega til þess í áætluninni að fjallvegum verði markvisst fækkað og áhersla verði lögð á gerð jarðgangna og láglendisvega, með sambærilegum hætti og gert hefur verið í nágrannalöndum Íslands.

### Gjaldtaka mikilvægra framkvæmda

Bæjarstjórn Vesturbyggðar telur mikilvægt að hugað verði að gjaldtöku vegna umferðamannvirkja eins og unnið er nú að greiningu á. Verði slík gjaldtaka til að auðvelda og hraða uppbyggingu vegakerfisins er lögð á það rík áhersla að gjaldtakan renni sannarlega til vegakerfisins og uppbyggingu þess. Vestfirðingar hafa lengi búið við mismunun í samgöngumálum og setið uppi með gríðarlegt fjárhagslegt tjón við það eitt að aka þá þjóðvegi sem hið opinbera leggur til í sveitarfélaginu og nágrenni þess. Má því segja að íbúar, rekstraradilar og ferðamenn hafi þegar greitt það dýrum dómi að nýta þær samgöngur sem í boði eru á Vestfjörðum án þess þó að samgöngur hafi batnað svo einhverju nemi.

### Hraða framkvæmdum

Bæjarstjórn Vesturbyggðar fagnar því að í tillögu að samgönguáætlun sé tilteknum framkvæmdum hraðað og þeim séu tryggð framlög á næstu árum. Þó standa eftir samgöngubætur sem engan tíma mega missa og ráðast þarf í strax, enda búsetugæði á Vestfjörðum með engu tryggð við núverandi ástand. Sérstaklega er gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum sem nauðsynlegt er að hraða í umsögn bæjarstjórnar Vesturbyggðar dags. 26. október 2018 vegna tillögu að þingsályktun til fimm ára samgönguáætlunar 2019-2023.



**VESTURBYGGÐ**

## **Vesturbyggð**

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Að lokum ítrekar Bæjarstjórn Vesturbyggðar mikilvægi þess að hafist verði handa við framkvæmdir við Vestfjarðaveg um Gufudalssveit strax enda þolimæði íbúa og rekstraradila að þrotum komin. Hvetur Bæjarstjórn Vesturbyggðar umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til að fylgja því máli sérstaklega eftir.

Virðingarfyllst,

---

Rebekka Hilmarsdóttir  
Bæjarstjóri